

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1440****2018/EES/25/27****frá 8. ágúst 2017****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 er gerð krafa um að aðildarríkin haldi rafræna landsskrá yfir flutningafyrirtæki á vegum sem lögbært yfirvald hefur veitt leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum.
- 2) Í 5. og 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 er kveðið á um að eigi síðar en 31. desember 2012 eigi að vera lokið við að samtengja allar rafrænar landsskrár og er framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja sameiginlegar reglur varðandi slíka samtengingu.
- 3) Framkvæmdastjórnin samþykkti reglugerð (ESB) nr. 1213/2010 ⁽²⁾ til að gera kleift að samtengja rafrænar landsskrár, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009, með því að nota rafrænt boðskiptakerfi sem nefnist ERRU-kerfið (Evrópskar skrár yfir flutningafyrirtæki á vegum (*e. European Registers of Road Transport Undertakings*)).
- 4) Reglugerð (ESB) nr. 1213/2010 hefur verið felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/480 ⁽³⁾ í þeim tilgangi að koma á fót bætrri útgáfu af ERRU-kerfinu eigi síðar en 30. janúar 2019.
- 5) ERRU-kerfið samanstendur af tvískiptum samhliða högunaraðferðum í því skyni að aðildarríkin geti skipst á skilaboðum. Fyrsta aðferðin byggist á miðlægu netaldi sem er undir stjórn framkvæmdastjórnarinnar. Þetta miðlæga netald miðstýrir gagnamerferð með því að safna saman skilaboðum frá aðildarríkjunum og áframsenda þau síðan til þeirra aðildarríkja sem skilaboðin eru ætluð. Að öðrum kosti geta aðildarríki valið að nota samrýmanlegt, almennt netkerfi til að skiptast beint á skilaboðum sín á milli (jafningjatilhögun), án þess að þau skilaboð fari um miðlæga netaldið.
- 6) Þegar skilaboðum, sem aðildarríkin skiptast á með beinum hætti, er ekki beint um miðlæga netaldið, geta hugsanlegar bilanir í tengslum við þessi skilaboð farið fram hjá framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin er því ófær um að uppfylla hlutverk sitt sem helsti ábyrgðarmaður ERRU-kerfisins og að grípa til samsvarandi aðgerða til úrbóta sem teflir, af þeim sökum, í tvísýnu góðri frammistöðu alls kerfisins.
- 7) Jafningjatilhögunin gerir framkvæmdastjórninni ekki kleift að öðlast, í tæka tíð, aðgang að upplýsingum um umfang og eiginleika þeirra skilaboða sem skipst er á. Það er því ógerlegt fyrir framkvæmdastjórnina að öðlast yfirsýn yfir notkun ERRU-kerfisins, enda þótt þær upplýsingar myndu nýtast við framtíðarumbætur á kerfinu.
- 8) Þau vandamál sem tengjast jafningjatilhöguninni valda því að nauðsynlegt er að tryggja að öllum skilaboðum, sem skipst er á innan ramma ERRU-kerfisins, sé beint um miðlæga netaldið og þar með fellur þessi möguleiki brott úr gildissviði framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/480.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 206, 9.8.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1213/2010 frá 16. desember 2010 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum (Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 21).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/480 frá 1. apríl 2016 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010 (Stjtið. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 4).

- 9) Enn fremur þarf að bæta lítilsháttar við og breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 í því skyni að fjalla um eftirfarandi þætti af meiri nákvæmni og á skýrari hátt: verklagsreglur um tengingu við ERRU-kerfið, prófanir, sem gera á, og afleiðingar þess ef niðurstöður þeirra teljast ekki fullnægjandi, innihald tiltekinna XML-skilaboða, ákvörðun aukningaráðferðarinnar, sem aðildarríkin eiga að fylgja ef kerfisbilun verður, og þann tíma sem unnt er að geyma persónuupplýsingar í skrá málæga netaldsins. Af þessum sökum ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem sett er fram í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/480:

„Aðildarríki telst tengt við ERRU-kerfið eftir að tengingar-, samþættingar- og afkastaprófunum hefur verið lokið í samræmi við fyrirmæli framkvæmdastjórnarinnar og undir eftirliti hennar. Hámarkstímalengd slíkra prófana skal vera sex mánuðir. Framkvæmdastjórnin skal gera ráðstafanir ef ekki fást fullnægjandi niðurstöður úr framangreindum prófunum. Ef þessar ráðstafanir reynast ófullnægjandi getur framkvæmdastjórnin afturkallað stuðning sinn við prófanir þar til aðildarríkið hefur fært sönnur á að fullnægjandi framþróun hafi átt sér stað á landsvísu varðandi tengingu við ERRU-kerfið.“

2. gr.

Ákvæðum I., III., VI., VII. og VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

VIÐAUKI

Ákvæðum I., III., VI., VII. og VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/480 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað liðar 1.3 komi eftirfarandi:

„1.3. Öllum skilaboðum, sem skipst er á, skal beint um miðlæga netaldið.“

b) í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. Ekki skal geyma gögn í miðlæga netaldiru lengur en í sex mánuði, að undanskildum þeim skráningar-, tölfraði- og beiningargögnum sem tilgreind eru í VII. viðauka.“

c) í stað liðar 2.3 komi eftirfarandi:

„2.3. Ekki skal veita neinum aðgang að persónuupplýsingum í miðlæga netaldiru nema viðurkenndu starfsfólki framkvæmdastjórnarinnar þegar nauðsyn krefur vegna vöktunar í tengslum við tæknilegan rekstur, viðhald og bilanaleit.“

d) í stað liðar 2.6 komi eftirfarandi:

„2.6. Umsjón með tengiliðum

Aðgerðin „umsjón með tengiliðum“ mun gera hverju aðildarríki kleift að stjórna eigin tengiliðaupplýsingum í tengslum við flokka viðkomandi aðildarríkis sem varða stefnumótun eða í viðskiptalegum, rekstrarlegum og tæknilegum tilgangi og er það á ábyrgð lögbærra yfirvalda í hverju aðildarríki að viðhalda tengiliðumlysingum sínum. Hægt skal vera að skoða tengiliðaupplýsingar annarra aðildarríkja en ekki breyta þeim.“

2) Í III. viðauka er viðbætinum breytt sem hér segir:

a) í stað liðarins „Tímalokun“ í fyrstu töflu komi eftirfarandi:

„Tímalokun (e. <i>Timeout</i>)“	Þessi eigind með dag- og tímasetningu (á alheimstímasniði) er valkvæð. Miðlæga netaldið mun aðeins setja þetta gildi fyrir framsendar beiðnir og er það reiknað út á grundvelli þeirrar dag-/tímasetningar þegar miðlæga netaldið tók á móti upphaflegu beiðninni. Þetta mun upplýsa aðildarríkið, sem svarar beiðninni, um það hvenær tímalokun verði beitt á beiðni. Þessa gildis er hvorki krafist í upphaflegum beiðnum, sem sendar eru í miðlæga netaldið, né heldur í öllum svarskilaboðum.	Nei“
----------------------------------	---	------

b) í stað „Númer Bandalagsleyfis“ (e. *Community Licence Number*) í töflunni með fyrirsögninni „Beiðni um athugun á óflekkuðu mannorði“ (e. *Check Good Repute Response*) komi eftirfarandi:

„Númer Bandalagsleyfis“	Raðnúmer Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni (reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða fyrir 1 til 20 rittákn).	Já“
-------------------------	---	-----

c) í stað „Númer Bandalagsleyfis“ í töflunni með fyrirsögninni „Beiðni um tilkynningu um brot“ komi eftirfarandi:

„Númer Bandalagsleyfis“	Raðnúmer á staðfestu eintaki Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins (reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða fyrir 1 til 20 rittákn).	Já“
-------------------------	---	-----

d) í töflunni með fyrirsögninni „Svar við tilkynningu um brot“ bætast eftirfarandi liðir við á eftir liðnum „Heiti flutningafyrirtæki“:

„Heimilisfang flutningafyrirtækis“	Heimilisfang flutningafyrirtækis (heimilisfang, póstnúmer, borg, land), eins og tilgreint er í skránni.	Já
------------------------------------	---	----

Númer Bandalagsleyfis	Raðnúmer Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni (reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða fyrir 1 til 20 rittákn).	Já
Staða Bandalagsleyfis	Staða Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Ökutæki sem er stjórnað (e. <i>Managed Vehicles</i>)	Fjöldi ökutækja, sem er stjórnað, eins og tilgreint er í skránni	Já“,

- e) í töflunni með fyrirsögninni „Beiðni um athugun á Bandalagsleyfi“ (e. *Check Community Licence Request*) komi eftirfarandi í stað „Númer Bandalagsleyfis“ (e. *Community Licence Number*):

„Númer Bandalagsleyfis (e. <i>Community Licence Number</i>)	Raðnúmer á staðfestu eintaki Bandalagsleyfis sem óskað er eftir upplýsingum um (reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða fyrir 1 til 20 rittákn).	Já“,
---	--	------

- f) töflunni með fyrirsögninni „Svar við beiðni um athugun á Bandalagsleyfi“ (e. *Check Community Licence Response*) er breytt sem hér segir:

- i. eftirfarandi liður bætast við á eftir liðnum „Upprunayfirvald“ (e. *Originating Authority*):

„Stöðukóði (e. Status Code)	Stöðukóði svörunar (t.d. finnst, finnst ekki, villa o.s.frv.).	Já
Stöðubod (e. Status Message)	Útskýring á stöðulýsingu (ef þörf er á).	Nei“,

- ii. í stað liðarins „Flutningafyrirtæki“ komi eftirfarandi:

„Flutningafyrirtæki	Já, ef stöðukóði finnst“,
---------------------	---------------------------

- iii. í stað liðarins „Upplýsingar um Bandalagsleyfi“ komi eftirfarandi:

„Upplýsingar um Bandalagsleyfi (e. <i>Community Licence Details</i>)	Já, ef stöðukóði finnst“,
---	---------------------------

- iv. eftirfarandi liður bætist við á eftir liðnum „Upplýsingar um Bandalagsleyfi“:

„Leyfisyrirvald	Yfirvald sem gaf út Bandalagsleyfi fyrir flutningafyrirtæki.	Já“,
-----------------	--	------

- v. í stað liðanna „Leyfisnúmer“ og „Staða leyfis“ komi eftirfarandi:

„Leyfisnúmer	Raðnúmer Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni (reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða fyrir 1 til 20 rittákn).	Já
Staða leyfis	Staða Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni.	Já“,

- vi. í stað liðanna „Upplýsingar um staðfest eintak“ og „Leyfisnúmer“ komi eftirfarandi:

„Upplýsingar um staðfest eintak		Nei
Númer staðfests eintaks	Raðnúmer á staðfestu eintaki Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni (reitur fyrir frjálsan texta í alstafakóða fyrir 1 til 20 rittákn).	Já“,

- vii. liðirnir „Staða leyfis“, „Tegund leyfis“, „Upphafsdagsetning“ og „Dagsetning tímabundinnar niðurfellingar“ falli brott,
- viii. í stað liðarins „Dagsetning þegar tímabundin niðurfelling fellur úr gildi“ komi eftirfarandi:

„Dagsetning þegar afturköllun fellur úr gildi	Dagsetning þegar afturköllun á staðfestu eintaki Bandalagsleyfisins fellur úr gildi.	Nei“,
---	--	-------

- 3) Í VI. viðauka bætist eftirfarandi málsliður við í lok liðar 2.2:

„Gefa skal framkvæmdastjórninni nánari upplýsingar um aukningaraðferðina, óski hún eftir því.“

- 4) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Til að tryggja persónuvernd skulu gögnin, sem notuð eru til tölfræðilegrar úrvinnslu og beiningar gagna, vera nafnlaus. Gögn, sem auðkenna tiltekinn flutningastjóra, flutningafyrirtæki, Bandalagsleyfi eða vottorð um starfshæfni (e. CPC), munu ekki vera tiltæk til tölfræðilegrar úrvinnslu.“

- b) í stað 4. og 5. liðar komi eftirfarandi:

„4. Ekki skal geyma persónuupplýsingar lengur en í sex mánuði í skránum eftir að yfirfærslu er lokið. Upplýsingar um tölfræði og beiningu gagna munu verða geymdar í ótakmarkaðan tíma.

5. Tölfræðigögnin, sem notuð eru til skýrslugjafar, geta m.a. innihaldið upplýsingar um:

- aðildarríkið sem leggur fram beiðni,
- aðildarríkið sem svarar beiðni,
- tegund skilaboða,
- stöðukóða svarsins,
- dag- og tímasetningu skilaboðanna,
- svörunartíma.“

- 5) Í VIII. viðauka komi eftirfarandi í stað liðar 2.4:

„2.4. Í öllum tilvikum skal staðfesta beiðni um tilkynningu um brot og svar við tilkynningu um brot með því að senda staðfestingu á tilkynningu um brot.“